

Brjef landshöfðingja til verzlunarstjóra P. Nielsen um styrk til gufubáts-ferða — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. f. m. hafið þjer, herra verzlunarstjóri, tjáð mjer, að sýslunefndin í Árnessýslu hafi veitt Lofoliisverzlun 200 kr. styrk af sýslusjóði til þess að láta gufubátinn »Odd« ganga milli Reykjavíkur, Eyrarbakka og Loptsstæða 5 ferðir í sumar, og koma við á 12 stöðum, með því móti, að til þess yrði veittur 600 kr. styrkur úr landssjóði, og hafið þjer jafnframt sótt um, að yður verði fyrir verzlunarinnar hönd veittur tjeður 600 kr. styrkur til nefnds fyrirtækis af fje því, sem í 12. gr. C. 6. f. í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893 er ætlað til gufubátsferða með suðurströnd landsins. Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að fjárveitingin í nefndum staflað, 12. gr. C. 6. f., er bundin við gufubátsferðir með suðausturströndinni austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, þá er ekki heimild til að veita af þeirri upphæð neitt til slíks fyrirtækis sem þess, er þjer hafið stungið upp á, þar sem nokkuð af leiðinni er innan Faxaflóa — en til ferða þar er sjerstök upphæð veitt og verður notuð — og á hinn bóginn vantar ferðir frá Loptstöðum til Víkur og Vestmannaeyja. Eins og málefnið liggur fyrir getur hinn umbeðni styrkur því ekki orðið veittur; en ef sýslunefndirnar í Árness- Rangárvalla- Vestmannaeyja- og Skaptafellssýslum vilja veita einhverjar upphæðir til þess að framkvæma ferðir á þann hátt og yfirgripandi það svæði, sem gjört er ráð fyrir í ofanefndum fjárlagalið f. í 12. gr. C. 6., þá mun geta fengizt úr landssjóði þreföld upphæð á við styrkveitingar sýslnanna, allt að 3000 krónum.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um afgreiðslugjald skipa o. fl. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 27. marz þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 7. s. m., þar sem hann spyrst fyrir um:

1. Hvort skip sjeu undanþegin afgreiðslugjaldi, þegar þau ferma eða af-ferma vörur, er þau flytja frá einu kaupþúni til annars, lögsagnarumdæma milli innanlands.
2. Hvort honum sje ekki heimilt, þegar tollskyldar vörur flytjast til verzlunar í lögsagnarumdæmi hans frá öðrum verzlunarstað hjer á landi, að heimta af hlutaðeigandi verzlunarstjóra skilríki fyrir því, að tollurinn sje greiddur að fullu, og beita að öðrum kosti fyrirmælum tolllaganna.
3. Hvort eigi beri að greiða útflutningsgjald eptir lögum 4. nóv. 1881 þar í sýslu af gjaldskyldum vörum, er þaðan eru fluttar, jafnvel þótt þær eigi að flytjast í land á öðru kaupþúni innanlands, ef hlutaðeigandi út-flytjandi treystir sjer eigi til að votta, að varan sje eigi ætluð til út-flutnings.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, það er hjer greinir: